



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á páskadag
12. apríl 2020**

Kæru landsmenn.

Ég heilsa ykkur að kvöldi páskadags, færi ykkur alúðarkveðjur okkar hjóna. Öll þurfum við nú að þola mæðusamar stundir, þurfum að þola dæmalaus daga. Mestur er harmur þeirra sem misst hafa ástvini vegna veirunnar skæðu. Þeim votta ég hjartans samúð. Hugsum líka hlýtt til þeirra sem sýkst hafa og þeirra fjölmörgu sem setið hafa og sitja í einangrun eða sóttkví. Þá flyt ég þeim, sem eru í meiri hættu en aðrir að veikjast illa, baráttu- og stuðningskveðjur.

Loks heilsa ég íbúum dvalar- og hjúkrunarheimila sérstaklega, og öllum eldri borgurum þessa lands. Ykkar kynslóð byggði upp það samfélag velferðar á Íslandi sem við eigum öll að geta notið saman. Varnir við vágestinum þýða að þið hafið lítt eða ekki notið samvista við ykkar nánustu að undanfögnu, en þið takið þessu hlutskipti af því æðruleysi sem löng lífsreynsla kennir. Öll megum við mikið læra af þeim sterka hug.

Veira, samkomubann, sóttkví! Hver hefði trúað því í byrjun þessa árs að við glímdum stuttu síðar við vanda af þessu tagi? En hér erum við og verðum að taka því sem að höndum ber. „Dag í senn, eitt andartak í einu.“ Með þeim orðum hefst vinsæll sálmur séra Sigurbjörns Einarssonar, lofgjörð um guð sem miðli af gæsku sinni skammti af sæld og þraut. Og hvenær er betra að minnast þess viðhorfs en um páskana, á þessari elstu og mestu hátíð kristindómsins?

„Páskaboðskapurinn er boðskapur vonar,“ sagði Agnes Sigurðardóttir biskup í predikun sinni fyrir réttu ári. Já, gott er að eiga von í brjósti. Trú svo margra segir það og skynsemi ekki síður. Í leit að lyfjum og lækningum við skaðvaldinum horfum við til vísinda. Við byggjum þá á vitneskju sem mannkyn hefur safnað í tímans rás, einkum hinar seinni aldir. En um leið erum við minnt á vanmátt okkar og smæð, þrátt fyrir allar okkar framfarir. Þar að auki er

vísindaleg þekking lítils virði og jafnvel hættuleg án samkenndar og samúðar, án kristilegs kærleiks og hvers kyns kærleiks – rétt eins og trúin ein stoðar lítt andspænis bjargföstum staðreyndum og lögmálum náttúrunnar.

Nú er það víst svo að við Íslendingar þykjum ekki yfirmáta trúhneigðir og kirkjuræknir. Stundum er haft á orði að við leitum aðeins styrks á þeim vettvangi þegar í harðbakka slær. Þekkt er sagan af formanninum sem lenti í ólgusjó með áhöfn sinni og hét á Strandarkirkju þegar svartast var í álinn. Svo fór að fleyði komst til hafnar og hermdu skipverjar áheitið upp á karlinn. „Hvað, má maður nú ekki gera að gamni sínu!“ svaraði hann þá svellkaldur.

En trúararfurinn er þarna. Hann fer ekkert, er á sínum stað fyrir þá sem þangað vilja sækja líkn og styrk. Og þetta skens formannsins hlýtur að teljast til undantekninga, jafnvel hjá þjóð sem kveðst hafa máltækið „þetta reddast“ sem einkunnarorð.

Reyndar má varast að alhæfa um heil samfélög – öll erum við sérstök sem betur fer. Stundum er þó einnig sagt um okkur að við séum óvenju þrasgjörn og síst af öllu húsbóndaholl. Við fyrstu sýn mætti ætla að slík þjóðareinkenni kæmu okkur í koll þegar farsóttin skall á landinu af fullum þunga. En öðru nær. Upp til hópa hefur fólk hlýtt tilmælum og leiðbeiningum og hlýt ég að brýna landa mína að halda því striki. Á sama tíma höfum við samt skipst á skoðunum um það hvernig bregðast beri við. Ólík sjónarmið hafa heldur betur heyrst. Á Alþingi hafa stjórnarandstæðingar veitt aðhald en sýnt sanngirni. Ríkisstjórn landsins hefur axlað ábyrgð en treyst forystu og ráðgjöf sérfræðinga.

Sérfræðingar, já, vel á minnst. Íslendingar hafa löngum haft lítið dálæti á þeirri manntegund. Víst er að sérfróðum getur skjátlast eins og öðrum. Við erum hins vegar vel sett með einvalalið okkar í almanna- og veiruvörnum. Þau eru löngu orðin heimilisvinir, Alma landlæknir, Þórólfur sóttvarnalæknir og Víðir sem allir hlýði, yfirlögregluþjónn með meiru. Þau setja sig ekki á háan hest, þau viðurkenna að eiga ekki svör við öllum spurningum og þau eru opinská um þann vanda sem við er að etja.

Kæru landar: Veiran hefur valdið miklu fjárhagslegu tjóni. Ferðapjónustan, sú mikilvæga atvinnugrein, hefur beðið hnekki, og hagkerfið í heild sinni. Líf okkar er gengið úr skorðum og verður svo enn um sinn. Dást má að því hvernig landsmenn hafa lagað sig að nýjum háttum, unnið heima og sinnt heilsunni þótt nú vanti laugina og ræktina. En auðvitað getur kvíði sótt að. Margir hafa misst vinnu sína, aðrir þola illa alla röskun. Íbúar landsins með erlendar rætur skilja ekki allt sem fram kemur um stöðu mála og óttast um vini og ættingja utan Íslands. Spenna ríkir á sumum heimilum og jafnvel hættara við en áður að fólk eigi þar ekki skjól heldur sæti þvert á móti ofbeldi, eins og sorgleg dæmi sanna. Við skulum vera á varðbergi, við skulum hjálpa þeim sem eru hjálpar þurfi.

Hér má líka nefna að um stundarsakir er starf á öllum skólastigum með öðru sniði en áður. Aftur er aðdáunarvert hvernig brugðist hefur verið við erfiðum aðstæðum, með víðtæku fjarnámi og ýmsum nýjungum. Og ágætu nemendur: Ekki missa móðinn! Áðan minnti ég á lofsvert framlag hinna eldri hér á landi en þið eruð þegar farin að láta til ykkar taka. Við þurfum á ykkur að halda nú og síðar, með menntun í farteskinu og eldmóð í sál og sinni. Ykkar er framtíðin. Þið munuð byggja á góðum grunni en gera enn betur, skapa enn öflugra samfélag. Í ykkar hópi verður að finna vísindamenn nýrra tíma, kennara og heilbrigðislið, leiðtoga í atvinnulífi, frumkvöðla og forystufólk á öllum sviðum.

Kæru landsmenn! Enn mun reyna á samstöðu okkar. Enn mun reyna á seiglu okkar og enn mun reyna mest á þá sem verið hafa í fylkingarbrjósti. Vandí okkar verður eflaust viðameiri áður en við fögnum sigri. En sigri munum við fagna. Hér eru þær traustari en víða, undirstöður samfélags og þjóðarbúskapar. Hér býr dugleg og menntuð þjóð í fögru landi, sjálfstæð þjóð með eigin auðlindir til sjávar, sveita og heiða, að ekki sé minnst á auðmagn huga og handar.

Við stöndum í ströngu, við stöndum saman. Og þótt áfram sé verk að vinna megum við nú þegar þakka svo mörgum. Ekki næ ég að geta allra en nefni hér einkum starfslið heilsugæslustöðva, Landspítala og annarra sjúkrahúsa, skimunarsveit Íslenskrar erfðagreiningar og bakverðina góðu, fólk með menntun á sviði heilbrigðis og velferðar sem svaraði kalli um að koma til starfa nú þegar þörfin knýr. Þá nefni ég kennara, skólaliða og aðra í menntakerfinu, starfsfólk í verslun og þjónustu, lögreglu, landhelgisgæslu og björgunarsveitir, borgarþjónustu utanríkisráðuneytisins, tæknisnillinga sem hafa á svipstundu hannað fínustu forrit og öpp, og ekki síst ótal sjálfboðaliða sem hafa lagt sitt af mörkum svo eftir er tekið eða unnið sín drjúgu verk í kyrrþey.

Við skulum þakka þeim öllum – og við skulum þakka fyrir lífið. Við höfum misst fólk af völdum veirunnar og ítreka ég samúðarkveðjur til þeirra sem nú sakna ástvina sinna. „Dag í senn,“ sagði Sigurbjörn biskup svo fallega. Í einlægu ljóði Vilborgar Dagbjartsdóttur, „Viðhorfi“, er líka fjallað um jarðvist okkar og þær lyktir sem aldrei verða umflúnar. Skáldið kvað:

Þú segir:
Á hverjum degi
styttist tíminn
sem við eigum eftir.
Skref fyrir skref
færumst við nær
dauðanum
– en ég þræði dagana
eins og skínandi perlur

upp á óslitinn
silfurþráðinn.
Á hverju kvöldi
hvísla ég glöð
út í myrkrið:
Enn hefur líf mitt
lengst um heilan dag.

Góðir Íslendingar: Nú er dagur að kveldi kominn, páskadagur, og senn kemur vorið, sunnan yfir sæinn breiða. Já, hvíslum glöð út í myrkrið og minnumst þess jafnframt að alltaf birtir til. Við höfum séð það svartara, við munum sjá það bjartara.

Fyrir hönd okkar Elizu ítreka ég góðar óskir og kveðjur til ykkar allra. Gleðilega páska. Megi þjóðinni farnast vel nú þegar mest á reynir, megi henni farnast vel um alla framtíð.